

Stórir strákar fá raflost

Lag: Ego, texti: Bubbi Morthens

Þeir hringdu í morgun

sögðu að Lilla væri orðin óð.

Að hún biti fólk í hálsinn

drykki úr þeim allt blóð.

Hún hafði sagt hún gæti ekki dottið

hún hefði engan stað að detta á.

Hún sagðist breytast í leðurblöku

að hún flygi um loftin blá.

Læknirinn var miðaldra

augun í honum voru grá.

Hann djönkaði sig með morfíni

sagðist hafa unnið hér í fimmtán ár.

Þá órólegu geymdu á deild

sem var sérhönnuð fyrir þá.

Það átti að setja Lillu í raflost

hann bauð mér að horfa á.

Stórir strákar fá raflost…

Gangastúlkurnar hvæstu

og sýndu í sér tennurnar.

Þær skipuðu mér að fara í rúmið

sögðu: tími komin á pillurnar.

Ég sagði þeim að ég væri gestur

að ég væri á leiðinni heim.

Þær skelltu mér með látum í gólfíð

sögðu svo: þú ert einn af þeim.

Á kvöldin kemur læknirinn

segist vera vinur minn.

Segir: þú verður að vera rólegur

þú æsir upp öll hin.

Segir að ég sé í tveggja ára meðferð

hann býður mig velkominn.

Segir að á morgun fái ég raflost

svo að ég verði eins og öll hin!

Stórir strákar fá raflost…

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

- Ego - Breyttir tímar (1982)
- Úr kvikmynd - Rokk í Reykjavík (1982)*
- Ýmsir - Á fullu (1982)
- Ýmsir - Með lögum skal land byggja (1985)
- Ýmsir - Nælur (1998)
- Ego - Frá upphafi til enda (2001)
- Ýmsir - Óskalögin 6 (2002)
- Bubbi ; Ego - 06.06.06 (2006)*
- Egó - Breyttir tímar (2007)*
- Ýmsir - 100 Íslensk 80's lög (2007)
- Ýmsir - 100 bestu lög lýðveldisins (2008)
- Bubbi - Sögur af ást, landi og þjóð (2010)

Í flutningi annara á eftirtöldum útgáfum

- Sinfóníuhljómsveit Íslands - Í takt við tímann (1986)